

Katrín Axelsdóttir

# Að eiga það sem maður er

## Um sambönd á borð við *helvítið þitt* og annað áþekkt

### 1 Inngangur

Eignarfornöfn (eða eignarfallsmyndir persónufornafna) standa iðulega með nafnorðum sem vísa til eignar eða einhvers sem tilheyrir þeim sem um er rætt: *húfan mín, hatturinn þinn, pabbi hennar, mamma hans, hamingja okkar, starf ykkar, ferð þeirra*.<sup>1</sup> Þetta er alvanalegt og þessi notkun eignarfornafna er yfirleitt ekki framandi þeim sem læra íslensku sem annað mál. Öðru máli gegnir um þá notkun eignarfornafnsins *þinn* sem algeng er í návígi við skammaryrði: *helvítið þitt, þrjóturinn þinn, hálfvitinn þinn*. Þarna er nafnorðið ekki neins konar eign í hefðbundnum skilningi heldur eigandinn sjálfur. Þetta kemur málnemum gjarna undarlega fyrir sjónir og Stefán Einarsson sá ástæðu til að lýsa þessari notkun í kennslubók sinni sem ætluð var enskumælandi íslenskunemum (1949:124): „In scolding, the possessive pronoun answers to the personal pronoun in English: *þrjóturinn þinn* you rascal; *kjáninn þinn* you (little) fool.“ Í slíku samhengi er í ensku og flestum öðrum málum notað persónufornafn. Íslenska er

<sup>1</sup> Ég þakka heimildarmönnum mínum fyrir veittar upplýsingar og ritstjórum og ritrynum *Orðs og tungu* fyrir góðar ábendingar. Þá þakka ég Jóni Axel Harðarsyni fyrir gagnlegar samræður um efnið og Steingrími Þórðarsyni fyrir að heimila afnot af óbirtri ritgerð sinni.

þó ekki ein um að hafa þarna eignarfornafn, þetta er venja í öðrum norrænum málum (d. *din idiot*, n. *din tulling*, s. *din skurk*, fær. *tín býttlingur*, *býttlingur tín*) og þetta var til í fornu máli. Um þetta sérkenni norrænna mála fjallaði Jacob Grimm nokkuð ítarlega á 19. öld. Hann taldi þetta sjaldgæft fyrirbæri og áleit að því hefði ekki verið nægur gaumur gefinn (Grimm 1866:271–272).

Markmið greinarinnar er að taka saman ýmislegt sem skrifað hefur verið um efnið, sýna dæmi um þetta fyrirbæri, *X þinn*, og ræða notkun þess, bæði í íslensku að fornu og nýju og í öðrum Norðurlandamálum. Notkunin í öðrum norrænum málum er ekki algerlega sambærileg við íslensku, á fornu máli og nýju er einnig nokkur munur. Enn fremur verður *X þinn* borið saman við annað áþekkt fyrirbæri í íslensku, sem hvorki virðast dæmi um í fornu máli né skyldmálum, orðasambönd sem eiga það sameiginlegt með *X þinn* að „eign“ samsvarar „eiganda“ en eignartáknunin er önnur: *helvítið á þér*, *helvítið á honum*, *skömmin á henni*. Um slík sambönd hefur ekki verið fjallað áður.

*X þinn* verður hér kallað mynstur en orðasambandagerð eða konstrúksjón hefði einnig komið til greina.<sup>2</sup> Þegar talað er hér um mynstrið *X þinn* er eingöngu vísað til þeirra sambanda þar sem „eign“ samsvarar „eiganda“ (*helvítið þitt*, *þrjóturinn þinn*) en ekki annarra sambanda sem eru formlega sambærileg (s.s. *húfan þín*, *trefillinn þinn*). Hið sama gildir um mynstrið *X á honum/henni* sem einnig er hér til umræðu; með því er eingöngu vísað til sambanda á borð við *helvítið á honum* en ekki t.d. *nefið á honum*, *bakið á henni*.

Orðasambönd eru fjölskrúðugur hópur og hægt er að skilgreina þau og flokka á margvíslegan hátt. Taylor (2012:69 o.áfr.) flokkar orðasambönd (e. *idioms*) í fjórar gerðir. Skilin á milli þeirra eru þó ekki alltaf hnífskörp. Einn flokkinn skipa **setningabundin orðasambönd** (e. *syntactic idioms*) en innan hans eru m.a. svokölluð **mynsturbundin orðasambönd** (e. *constructional idioms*). Dæmi sem Taylor nefnir um slík sambönd eru *Off with his head!*, *On with the show!* og *Down with globalization!* Mynsturbundin orðasambönd einkennast af mynstrum sem eru frjó, þ.e. geta tekið við nýjum samsetningum. Frjósemi eða virkni slíkra mynstra er þó harla misjöfn, sum eru mjög opin en önnur lokaðri. Sambönd sem falla inn í *X þinn* og *X á honum/henni* geta talist til mynsturbundinna orðasambanda.

Efnisskipan er þessi: Fyrst verður hugað að notkun mynstursins *X þinn* í nútímamáli og hún borin saman við notkun *din X*, *tín X* í fjórum

<sup>2</sup> Sbr. umræðu um þessi hugtök hjá Katrínu Axelsdóttur 2019:308.

norrænum málum.<sup>3</sup> Síðan verða dæmi úr fornu máli tekin til athugunar og fjallað um upprunaskýringar sem settar hafa verið fram. Þá verður fjallað um sambandið *helvítið á þér* sem á það sameiginlegt með *helvítið þitt* og sambærilegum samböndum að „eigandi“ samsvarar „eign“ en eignartáknunin er önnur. Loks verður rætt um þriðju persónu. Þar er ekki hægt að nota eignarfall, \*þrjóturinn hans, \*hálfvitinn hennar (sem væri setningafræðilega sambærilegt við *þrjóturinn þinn*, *hálfvitinn þinn*), en í stað þess eru farnar aðrar leiðir. Hér verður einkum rædd sú aðferð að nota skammaryrði með forsetningarliðunum *á honum* og *á henni*: *helvítið á honum/henni*, sbr. *helvítið á þér*.<sup>4</sup>

## 2 Notkun *X þinn* í íslensku og samanburður við önnur norræn mál

*X þinn* er mjög opið mynstur, það virðist vera hægt að setja hvaða hnjóðsyrði sem er inn í það og auðvelt er að finna dæmi á netinu um mynstrið með skammaryrðum sem eru væntanlega heldur sjaldgæf: *drulluháleisturinn þinn*, *skítbuxinn þinn*. Stefán Einarsson nefnir mynstrið aðeins í tengslum við skammir, sbr. tilvitnunina í inn-gangi. Í *Íslenskri orðabók* (2002) er *þinn* sagt notað á þennan hátt „í aðfinnslukenndu ávarpi“ og mynstrið er áreiðanlega algengast í slíku samhengi. En í íslensku nútímamáli má þó finna mörg dæmi þess að hrósyrði séu notuð innan *X þinn*:

- (1) a. **Snillingurinn þinn!** Til hamingju með síðuna. (Athugasemd á samfélagsmiðli 2019)
- b. Til hamingju elsku Anna Kristín, kemur mér ekki á óvart **snillinn þinn** (Athugasemd á samfélagsmiðli 2012)
- c. Þegiðu **meistarinn þinn** hvað þú ert mikill kóngur. (Stjörnuspá 2018–2019:23)

<sup>3</sup> Í færeysku er einnig til orðaröðin *X tín* (sjá t.d. undir *fyl* í *Føroysk-føroysk orðabók*) en sú röð virðist sjaldgæfari en *tín X*.

<sup>4</sup> Í greininni fá dæmi úr ritmáli talsvert rými. Mörg þeirra fundust á ýmsum nýjum vefmiðlum, s.s. í persónulegum bloggfaerslum og athugasemdum á samfélagsmiðlum. Til að spara pláss er tilvísunum í þess háttar vefslóðir sleppt, heimildanna er ekki heldur getið í heimildaskrá. Tegundar heimildar (eða heitis vefs) er þó alltaf getið, sem og ártals. Svipuð leið er farin með dæmi úr fornu máli, þar er látið duga að vísa í heiti rits. Nákvæmari tilvísanir má auðveldlega finna í þeim heimildum um formál sem tilgreindar eru í greininni.

- d. Þú ert snögg að læra þetta **gáfnaljósið þitt**. (Athugasemd á samfélagsmiðli 2015)
- e. Ahahahaha, **límheilinn þinn!** (Athugasemd á samfélagsmiðli 2008)
- f. Þú ert auðvitað ekkert nema snillingur **rúsínan þín** (Athugasemd við blogg 2008)
- g. **Krúttið þitt!** Mikið er ég glöð að þér líkaði gjöfin. (Athugasemd við blogg 2012)
- h. Hey, það geta ekki allir litið út eins og þú, **fegurðardísinn þín**. (Athugasemd á samfélagsmiðli 2007)
- i. Til hamingju **forkurinn þinn!** (Athugasemd á samfélagsmiðli 2017)
- j. Hlakka til að hlusta **dugnaðarforkurinn þinn!!** (Athugasemd á samfélagsmiðli 2020)
- k. **Jaxlinn þinn!!** Þú ert ótrúlega mögnuð (Athugasemd á samfélagsmiðli 2019)
- l. Gangi þér rosalega vel Rikki, þú massar þetta **hardjaxlinn þinn** (Athugasemd á samfélagsmiðli 2017)
- m. takk fyrir það sænski **öðlingurinn þinn** (Athugasemd við blogg 2007)

Hrósyrdin í (1) voru valin af handahófi og vísast má finna fleiri slík innan *X þinn*. Merkingarsviðin eru nokkur, þarna er vísað til snilli, yfirbragðs, dugnaðar og gæsku. Í dæmunum í (1) virðast samböndin vera notuð af heilum hug ef svo má segja, þessi orð eru ekki látin falla í kaldhæðni. Um slíkt má þó auðvitað einnig finna dæmi:

- (2) a. Þú ert það sem við köllum alvöru trúður til hamingju með þann titill **meistarinn þinn** (Athugasemd á samfélagsmiðli 2020)
- b. Nú fyrst þú ert svona gáfuð þá getur þú kannski frætt okkur þessi vitlausu, **gáfnaljósið þitt?**“ segir Stebbi og hnippir í systur sína. (Anna Elísa 1996:10)

Átta heimildarmenn, tveir danskir, tveir norskir, tveir sænskir og tveir færeyskir, allir íslenskumælandi eða vel kunnugir málinu, telja að notkun sambærileg þeirri sem sjá má í (1) væri harla óvanaleg í þeirra móðurmálum. Norðmennirnir segja mynstrið *din X* nær eingöngu bundið við neikvæð ummæli, séu nafnorðin jákvæð þá sé einkum um að ræða kaldhæðni, sbr. dæmin í (2). Í sama streng taka Svíarnir, *ditt geni* væri t.d. varla notað nema í kaldhæðni. Sem dæmi

um jákvætt nafnorð í jákvæðu samhengi innan *din X* nefna Svíarnir *gullunge* ‘hjarthagull’, notað í elskulegu tali við börn. Danirnir telja líka að *din X* sé langoftast notað með neikvæðum orðum, það sé a.m.k. afar sjaldgæft með hrósyrdum og þeir eiga erfitt með að nefna dæmi um slíkt. Þeir þekkja það þó í sambandinu *din skønne unge* sem hér má sjá tvö dæmi um, úr þýddri skáldsögu og af barnavef, en þetta minnir á hið sænska *din gullunge*:

- (3) a. „Hej med dig, **din skønne unge**,“ siger jeg og rører ved hendes bittesmå fingre. (Ahern 2020, 17. kaffi)
- b. Kære Emil **din skønne unge**!!!! Rigtig hjertelig tillykke med de 2år idag (Athugasemd á barnavef 2010)

Í danskri nútímamálsorðabók (*Den Danske Ordbog*) er þessari notkun *din* lýst svo: „bruges sammen med et beskrivende ord for at karakterisere den tiltalte, fx i udråb eller som en efterstillet vedføjelse“. Þarna er ekki tekið fram að hið lýsandi orð verði að vera lastyrði. En bæði dæmin sem síðan eru sýnd eru þess eðlis: *Dit store fjols! Du er ikke rigtig klog!; Giv så slip, din lille gnom*. Í norskum orðabókum um nútímamál (*Bokmålsordboka* og *Nynorskordboka*) er *din* sagt notað á þennan hátt á undan nafnorði sem *oftast* er skammaryrði („oftest/oftast skjellsord“) og í dæmum bókana eru aðeins slík orð (*ditt fjols!, din tufs!*). Í sænskri nútímamálsorðabók (*Svensk ordbok* 2021) segir um þessa notkun *din*: „med förbleknad betydelse i en typ av känslouttryck“ og dæmin eru *din skurk!* og *din lille stackare!* Í færeyskri nútímamálsorðabók (*Føroysk-føroysk orðabók*) er lýsingin á þessari notkun *tín* hins vegar sambærileg við það sem segir um *þinn* í *Íslenskri orðabók* (2002): „í atfinningarsamari tiltalu“. Lýsingin er í samræmi við dóm færeysku heimildarmannanna.

Þegar Grimm (1866:271) fjallar almennt um þessa sérstöku notkun eignarfornafna í norrænum málum segir hann að þetta megi finna í ýmsu samhengi: í gælum („kosend“), vorkunn („bedauernd“), kvörtunum („klagend“) en einkum skömmum („scheltend“). Forníslensku dæmin sem hann sýnir falla öll í síðastnefnda flokkinn og hið sama gildir um dæmin úr síðari tíma norsku og dönsku. Dæmi hans um annars konar samhengi, sem stundum er mjög jákvætt, eru öll úr síðari tíma sænsku (í þýðingum á Shakespeare), svo sem *din hjertans toker!*, *ditt lamm!*, *din lilla engel!*, *edra stakare!*<sup>5</sup> flest sænsku dæmin koma þó fyrir í skömmum.

<sup>5</sup> Þetta rímar við ummæli Schwartz (1899:184) um sænsku en hann nefnir nokkur dæmi (s.s. *din lilla ängel*) sem koma fyrir í gælum eða þegar aðdáun er lýst; Sandfeld Jensen (1900:21) telur þetta hins vegar varla vera raunina í dönsku.

Aasen (1864:332) nefnir að í norsku sé eignarfornafnið *din* notað með nafnorðum í samhengi samúðar (fyrir utan að vera notað í skömmum), t.d. í *No frys du i Hel, ditt vesle Ting; Gakk heimatter, din Krok*.<sup>6</sup> Þetta minnir á sum dæmi Grimms úr sænsku og einnig á dæmi á borð við *litli kjáninn þinn*, þar sem segja má að heldur neikvætt orð sé notað í gælu- eða vorkunnartóni.

Aasen (1864:332) segir sambærilega notkun til með eignarfornafni fyrstu persónu (*min* eða *vár*), samhengið er þá sjálfsásakandi eða niðrandi: *min Arming; Me, vaare Stakarar; Eg visste inkje betre min Daare*. Dæmi með *min*, bæði sænsk og dönsk, eru nefnd hjá Sandfeld Jensen (1900:21). Í íslensku er til orðalag sem minnir á þetta, *vesalingur minn*.<sup>7</sup>

Í kaflanum hafa verið sýnd ýmis dæmi um mynstrið *X þinn* í íslensku og sambærileg mynstur í öðrum Norðurlandamálum. Mynstrin eru ekki bundin við niðrandi samhengi þótt oftast komi þau fyrir í skömmum. Samhengið getur verið ýmiss konar, gælur, vorkunn og jafnvel mesta hrós. Um síðastnefnda samhengið eru auðfundin dæmi í íslensku, þetta virðist sjaldséðara í öðrum norrænum málum.<sup>8</sup>

Eitt af dæmum Taylors (2012:87–88) í umræðu um setningabundin orðasambönd er mynstur sem sambandið *that idiot of a man* er fulltrúi fyrir. Þetta samband hefur að geyma neikvætt nafnorð og í mynstrinu eru oftast slík orð; önnur dæmi sem Taylor nefnir um mynstrið eru m.a. *that clown of a teacher* og *that wretched old witch of a woman*. En Taylor segir mynstrið einnig koma fyrir í hrósi með jákvæðum orðum þótt það sé sjaldgæfara: *that angel of a girl; it's one blockbuster of a film*. Það er því ekki einstakt að mynstur sem alla jafna er notað í niðrandi tali komi einnig fyrir með hrósyrdum.

<sup>6</sup> Hann notar orðið *velvilje* en hjá Cleasby (1874:738) er talað um *compassion* varðandi þessi dæmi Aasens.

<sup>7</sup> Þar er nafnorðið greinislaust, ólíkt dæmum á borð við *helvítid þitt*. Ef greinir er hafður, *vesalingurinn minn*, er merkingin önnur því að þá vísar nafnorðið ekki til mælandans heldur þess sem ávarpaður er.

<sup>8</sup> Rétt er að taka fram að í norrænum málum eru eignarfornöfn (eignarfallsmynd) vissulega notuð með nafnorðum í virðingarávörpum: *yðar náð, hennar hátign, hans heilagleiki*, d. *Deres Majestæt*, s. *Ers Majestät*. Þarna eru ákveðin líkindi við *X þinn* og sambærileg mynstur í skyldum málum, „eigandi“ og „eign“ fer hér saman. En þetta er þó annað, slík virðingarávörp með eignarfornafni (eignarfallsmynd) eru mjög sérhæfð og eru þar að auki víða til (e. *Your Majesty*, fr. *Votre Majesté*), ólíkt *X þinn* og sambærilegum mynstrum í grannmálunum. Í íslensku er setningafræðilegur munur á virðingarávörpum og *X þinn*, í síðarnefnda mynstrinu er eignarfornafnið eftirsett og nafnorðið verður að hafa greini. Á líkindi mynstursins *X þinn* og virðingarávarpa verður aftur minnst í 4. kafla.

Fram að þessu hefur verið talað um mynstrið *X þinn*. Þessi sérstaka notkun nafnorðs og eignarfornafns er þó ekki bundin við eintölu né við aðra persónu. Þegar átt er við fleiri en einn er notuð eignarfallsmyndin *ykkar* (*helvítin ykkar*, *hálfvitarnir ykkar*), í eldra máli má sjá dæmi um eignarfornafnið *yðvarr* notað á sambærilegan hátt (sjá 3. kafla) og hér að framan var eitt af sænsku dæmunum með fleirtölufornafni (*edra stakare*). Einnig mátti sjá norsk dæmi um eignarfornafn fyrstu persónu, bæði í eintölu og fleirtölu. En það er sjaldgæft að beina lasti (eða lofi) að fleiri en einum, eða þá að sjálfum sér, og hér verður því áfram talað eingöngu um mynstrið *X þinn*.<sup>9</sup>

### 3 Notkunin í fornu máli í samanburði við nútímamál

Til að kanna notkunina í fornu máli var litið á umfjöllun og dæmi í orðabókum Cleasbys (1874) og Fritzners (1886–1896) og hjá Grimm (1866) sem fjallar allitarlega um efnið. Þá var einnig litið á dæmi um *þinn* í niðrandi tali í fornmálsorðabókinni í Kaupmannahöfn (ONP). Dæmin sem sýnd eru í þessum kafla eru öll sótt í þessar heimildir en tilvitnanir eru stundum hafðar hér lengri og stafsetning er færð til nútímahorfs.

Mynstrið *X þinn* kemur fyrir í fornu máli á alveg sambærilegan hátt og í nútímamáli, nafnorð í nefnifalli með greini og síðan *þinn*:

- (4) Hefir þú svikið mig, **hundurinn þinn**? (Hænsa-Þóris saga)

Í fornu máli er nafnorðið gjarna greinislaust, ólíkt nútímamáli:

- (5) a. Klifar þú nokkuð ávallt, **mannfýla þín** (Njáls saga)  
b. Hirð þú ekki það, **mjólki þinn**! (Njáls saga)

Í dæmunum í (4) og (5) kemur *X þinn* í kjölfar setningar með persónufornafninu *þú* og sögn í annarri persónu, framsöguhætti eða boðhætti. Þannig háttar alltaf til í nútímamáli ef *X þinn* hefur einhvern

<sup>9</sup> Það virðist vera misjafnt eftir málum og mállýskum hvort notuð eru eignarfornöfn/eignarfallsmyndir eða þá persónufornöfn þegar fleiri eru ávarpaðir. Kjeldsen (2022) segir að í mállýskunni á Borgundarhólmi sé notað eignarfornafn (*jærra*, *jorra*), rétt eins og í (eldri) sænsku og norsku, en í dönsku sé annars venjan að nota persónufornafn (s.s. *I sataner*). Ekki er rými hér til að ræða frekar þennan mun á norrænum málum.

undanfara á annað borð. En í fornmáli eru mörg dæmi þess að *þinn* sé notað með hnjóðsyrði en sögnin höfð í þriðju persónu, rétt eins og verið væri að ræða þriðja aðila sem þó er ekki raunin:

- (6) a. Mun **fóli þinn** nokkurum manni líf gefa ef bana verður auðið? (Laxdæla saga)
- b. Hvað mun **þjófur þinn** vita til þess (Eyrbyggja saga)
- c. En þótt landeign vor sé beitt upp eða taða niður brotin eða menn drepnir þá liggur **lydda þín** og lætur sem vér eigum ekki að annast. (Króka-Refs saga)
- d. Kann **þinn heljarkarl** ekki betur að kveða því að mér þykir þetta eigi síður heita mega níð en lof (Þorleifs þáttur jarlaskálds)

Þá eru ýmis dæmi í fornu máli um að nafnorðið og *þinn* standi í aukafalli:

- (7) a. skylda eg launa **kögursveini þínum** / kanginyrði, ef eg komumk yfir sundið (Hárbarðsljóð)
- b. Ávallt hrýs mér hugur við er eg sé þig, **frændaskömm þína**, fyrir mínum augum og hve mikill ógæfumaður eg var þá er eg ól **þinn óvita**. Væri þar betri dóttir. (Króka-Refs saga)

Notkunin sem sjá má í (6) og (7) þekkt ekki í nútímamáli. Hið sama er að segja um orðaröðina *þinn X* sem sjá má í tvígang hér að framan, í (6d) og (7b).<sup>10</sup> Þessi orðaröð væri ótæk í nútímamáli í samhenginu sem hér er til umræðu, þótt hún þekkt vissulega í annars konar samhengi (s.s. í andstæðuáherslu, *þetta er ÞITT vandamál, ekki mitt*).

*Þinn* er raunar ekki eina eignarfornafnið sem nota má með niðrandi nafnorðum, sbr. umræðu í 2. kafla. Hjá Cleasby (1874:738) er sýnt eitt dæmi, með fleirtölufornafninu *yðvarr*, en fleirtala sögð afar sjaldséð:

- (8) Hví róa **djöflar yðrir** fyrir oss í alla nótt? (Böglunga saga)

Í þeim heimildum um fornmál sem hér er stuðst við er hvergi nefnt að *X þinn* (eða *þinn X*) geti komið fyrir með jákvæðum orðum, eins og ýmis dæmi eru um í nútímamáli (sjá (1) hér að framan) og í síðari alda sænsku. Hugsanlega voru slík dæmi til að fornu en rötuðu ekki

<sup>10</sup> Eiríkur Jónsson segir í orðabók sinni um fornmál (1863:738) að í þessu samhengi sé *þinn* alltaf á eftir nafnorðinu, *hundurinn þinn*. Þannig er það vissulega oftast en um hina röðina eru þó allmörg dæmi.



á bókfell. En ef til vill er hin jákvæða notkun síðar til komin bæði í íslensku og sænsku. Það þarf ekki að koma á óvart. Eins og nefnt var í 2. kafla getur neikvætt eða fremur neikvætt nafnorð verið notað í ýmsum blæbrigðum, í vorkunnartóni eða jafnvel gælutóni (*litli kjáninn þinn*). Þá opnast e.t.v. leið fyrir jákvæð orð inn í mynstrið. Einnig getur jákvætt orð verið notað í kaldhæðni í annars neikvæðu mynstri (s.s. *hvað þykist þú vita um það, gáfna ljósið þitt*) og þá er stutt í að hægt sé að nota jákvæð orð innan mynstursins *X þinn* í jákvæðu samhengi.

## 4 Hugmyndir um upprunann

Nokkrar hugmyndir hafa verið settar fram um uppruna *þinn* í því samhengi sem hér um ræðir, mynstrið *X þinn*. Þá elstu er að finna í skrifum Grimms (1866). Hér verða þær reifaðar stuttlega í tímaröð og reynt að leggja á þær mat.

Grimm (1866:274) lítur svo á að öll eignarfornöfn vísi til einhvers sem er til umræðu. 'Þinn' hljóti að vísa til einhvers 'þú' og komi slíkt orð hvergi fyrir þá hljóti það að hafa verið á einhvern hátt undirliggjandi. Þannig hljóti skammarávörpum eins og 'fíflíð þitt' að liggja til grundvallar lengri segð, 'þú fíflíð þitt' eða 'þú og fíflíð þitt'. Þetta rökstyður Grimm með ýmsum dæmum úr síðari alda sænsku, svo sem *du din toker!* og *du din krumfot!*, þar sem persónufornafn kemur fram auk eignarfornafns. Slíkar segðir ber hann saman við þýsku *du und der Teufel* 'þú og djöfullinn' og eldri þýsku *du und din tiuvel* 'þú og djöfullinn þinn'. Í þessum tilvikum komi fram styrking eða efling persónunnar og e.t.v. hafi menn gert ráð fyrir að henni hafi fylgt andi, góður eða slæmur, sem væri henni til ráðuneytis. 'Ég ætti að launa það dárnum þínum' merki því ekki annað en 'ég ætti að launa þér það'. Grimm bendir í þessu sambandi á að í forníslensku dæmunum sem hann nefnir sé oft vísað í óvinveitt fyrirbæri eða illa anda (sbr. t.d. *kögursveinn*, *heljarkarl*, *fóli* og *þjófur*) eða jafnvel dýr sem eru mönnum oft til fylgðar (t.d. *hundur*). Meginatriðið hjá Grimm er að orðið hafi brottfall, bæði persónufornafns og samtengingar, en segðirnar hafi þó verið túlkaðar eins og þessi orð væru undirliggjandi.<sup>11</sup>

Í orðabók Cleasbys (1874:738) er sett fram allt annars konar skýring

<sup>11</sup> Brottfall samtengingarinnar ber Grimm (1866:274–275) saman við brottfall samtengingar í segðum eins og *þeir Beli* (= 'Freyr og Beli') og *þið Gymir* (= 'þú og Gymir'), orðalag sem er enn alvanalegt í íslensku. Þarna hafi samtenging fallið brott og orð komið í annars stað.

sem snýst þó einnig um brottfall. Fornafnið *þinn* í ávarpi á borð við *hundurinn þinn* er ekki talið vera upprunalegt eignarforafn heldur samandregin mynd úr persónufornafninu *þú* og greininum *inn* (nú *hinn*): *þú inn* > *þ'inn* > *þinn*. Þetta er rökstutt þannig að ósamandregið *þú inn* (*hinn*) komi í eldra máli fyrir í sams konar stöðu og samhengi og hið samandregna *þinn*, t.d. í *þú inn vondi slangi*, *þú inn armi*, *þú inn mikli maður*. Í slíkum liðum gat annað hvort gerst, að greinirinn væri felldur niður (t.d. *þú hinn góði þjón og trúlyndi* > *þú góði og trúlyndi þjón*) eða forafn og greinir rynnu saman eins og áður segir (*þú inn* > *þinn*). Í fyrstu hafi þetta nýja *þinn* verið bundið við ávörp (sbr. nefnifallsdæmi eins og sjá mátti í (4) og (5)) en síðar hafi notkunin víkkað út og náð til aukafalla (sbr. dæmi eins og sjá mátti í (7)) og annarra eignarforafna (sbr. (8)). Samkvæmt þessu hefur hið nýja *þinn* með tímanum verið endurtúlkað sem eignarforafnið *þinn*. Í orðabók Cleasbys er þessi skýring talin geta varpað ljósi á að útbreiðsla umræddrar notkunar *þinn* sé bundin við Norðurlönd: germönsk mál búi öll yfir eignarfornöfnum sem samsvara *þinn* en aðeins í norrænum málum hafi komið upp greinirinn *inn*. Útbreiðsla *inn* og hinnar óvenjulegu notkunar *þinn* sé þannig engin tilviljun.

Í ritgerð frá 1886 gagnrýndi Tegnér báðar eldri skýringarnar (sjá Schwartz 1899:185–186), honum þótti skýring Grimms alltof langsótt („alltför djupsinnigt lärd för at vara rätt sannolik“) og skýringuna í orðabók Cleasbys dró hann í efa því að hún krefst þess að hið samandregna *þinn* (< *þ'inn*) hafi náð að dreifast mjög víða úr því samhengi sem það var upprunnið í (þ.e. segðum með *þú*, lausum greini og lýsingarorði), samhengi sem var sjaldgæft miðað við annað. Sjálfur kaus Tegnér að bera mynstur á borð við *X þinn* saman við hátíðleg ávörp eins og *Eders Höghet* og *Eders Nåd*.<sup>12</sup> Í slíkum ávörpum vísi hin óhlutstæðu nafnorð segðanna (hér ‘hátign’ og ‘náð’) ekki til persónunnar sjálfrar heldur eiginleika hennar eða hliðar. Í mynstrum eins og *X þinn* komi fyrir nafnorð sem upphaflega voru óhlutstæð (meðal dæma Tegnér eru *mannfýla* og s. *otäcka* ‘ópokki, óhugnaður’). Slík orð, notuð um menn, gátu síðan haft þau áhrif að farið var að nota hlutstæð orð með svipaða merkingu í mynstrinu líka — þannig hafi t.d. *din otäckning* ‘ópokkinn þinn’ getað orðið til fyrir áhrif frá *din otäcka*. Að nafnorðið vísi í raun ekki til persónunnar sjálfrar heldur einhvers eiginleika hennar eða kjarna rökstyður Tegnér með því að í eldra máli standi sögnin í þriðju persónu, ekki annarri (sbr. dæmi

<sup>12</sup> Um skýringu Tegnér, sjá Schwartz 1899:185–190.

í (6) hér að framan). Rétt er að taka fram að ekki er um það að ræða að mynstrið *X þinn* sé sprottið af hátíðlegu ávörpunum, mynstrið er eldra en svo. Tegnér er hér aðeins að benda á hugsanleg líkindi, ekki orsakasamband.

Schwartz (1899) er gagnrýninn á skýringu Tegnés á upprunanum. Honum þykir hún álíka langsótt og Tegnér þótti hugmynd Grimms vera og að sumu leyti sambærileg, í stað einhvers konar fylgju hjá Grimm sé kominn ópersónulegur kjarni mannsins sem ávarpaður er. Þá álitur hann tölu sagnarinnar léttvæg rök. Hugmynd Tegnés telur hann reyndar óþarfa, skýringar sé að leita í hlutverki eignarfornafnsins í mynstrinu og það hafi bæði Grimm og Tegnér yfirsést. Þeir hafi ranglega gert ráð fyrir að eignarfornafnið gegni hér sama hlutverki og eignarfall geri yfirleitt, þ.e. tjái eignartengsl. Þetta sé vissulega aðalhlutverk fallsins nú (þetta er það sem er stundum kallað **eiginlegt eignarfall**, lat. *genitivus possessivus*). En í fornmaalum megi oft sjá eignarfallshlutverk sem eru svolítið annars eðlis. Hér nefnir Schwartz til sögunnar **eignarfall skilgreiningarinnar** (lat. *genitivus definitivus* eða *genitivus appositivus*).<sup>13</sup> Orðið sem stendur í slíku eignarfalli skilgreinir nánar orðið sem það stendur með. Meðal dæma sem Schwartz tiltekur eru *terra Italiæ* ('land Ítalíu', þ.e. 'landið Ítalía') og *askr Yggdrasils* ('askurinn Yggdrasill'). Schwartz vekur athygli á tilbrigðum í sænsku við að tjá alveg sömu hugsun, svo sem *din tok ~ du tok* 'fíflíð þitt'. Í fyrra tilvikinu sé eignarfornafn og nafnorð, hinu síðara persónufornafn og nafnorð. Í báðum tilvikum sé nafnorðið, hér *tok*, ákvarðað eða skilgreint nánar og Schwartz dregur þá ályktun að eignarfornafnið *din* (sem er einkunn) hafi sama hlutverk hér og persónufornafnið *du* (sem er viðurlag), eignarfornafnið gegni hér hlutverki eignarfalls skilgreiningarinnar. Schwartz (1899:183, 192) bendir í þessu samhengi á dæmi í gamalli sænsku (14. og 15. öld) þar sem eignarfallsmyndin *hans* kemur fyrir í sams konar hlutverki og eignarfornafnið í *din X: hans dare* 'dárinn á honum'. Eins og nefnt var í 1. kafla virðast sambærileg dæmi ekki til í nútímaíslensku, \*þrjóturinn *hans*, \*hálfvitinn *hennar*. Þeir sem hafa fjallað um *X þinn* í forníslensku nefna ekki slíkt dæmi. Slíkt hefur þó þekkt. Í fornaldarsögunni Hrólfs sögu kraka segir: *Böðvar bað bikkjuna hans þegja og kastar honum niður í mosann*. Bikkjan sem hér er talað til er Höttur, skjólstæðingur Böðvars. Helstu handrit Hrólfs sögu eru ung pappírshandrit frá 17. öld. Það er því óvíst hve gamalt þetta orðalag sögunnar er.<sup>14</sup>

<sup>13</sup> Önnur heiti eru *genitivus explicativus* og *genitivus epexegeticus*.

<sup>14</sup> Tvö handrit sögunnar hafa ekki *bikkjuna hans* heldur *bikkju þá* eða *bikkjuna þessa*

Sandfeld Jensen (1900) tekur undir hugmynd Schwartz, við hlið *din X* komi svo oft fyrir sambönd með *du X* í sömu merkingu að eignarforanafn fyrra mynstursins hljóti að samsvara eignarfalli skilgreiningarinnar. Hann telur þó að færa mætti sterkari rök fyrir hugmyndinni um eignarfall skilgreiningarinnar en Schwartz gerir. Hann bendir á dæmið *din skælm/din skälm* 'þrjóturinn þinn' sem Schwartz (1899:187) hafði lýst svo: „uttrycket [betäcknar] i sin helhet den taltalade med attributet skälmaktighet, eller kanske rättare: en skälm med angifvande af hvem skälmen i fråga är“ og borið saman við þriðju persónu segðina *den skälmen Karl* 'þrjóturinn hann Karl'. Hér telur Sandfeld Jensen (1900:23) dönsku varpa skýrara ljósi á hvað sé á ferðinni en þar væri þetta orðað *den skælm til Karl*. Það mynstur er með forsetningunni *til* (sem stjórnaði einmitt eignarfalli). Mynstrið á sér samsvaranir víða um lönd, með forsetningunni *de* í rómönskum málum (fr. *fripon de Charles* 'þrjóturinn hann Charles') og *von* í þýsku (*ein Teufel von einem Weibe* 'kvenskratti'). Sandfeld Jensen nefnir ensku ekki í þessu samhengi en þetta er auðvitað sama mynstur og minnst var á í 2. kafla, mynstrið sem *that idiot of a man* er fulltrúi fyrir. Slík mynstur hafa oftast tvö nafnorð (s.s. *idiot* og *man* í síðastnefnda dæminu). En Sandfeld Jensen segir að í rómönskum málum séu dæmi um mynstrið með nafnorði og persónufornafni (sp. *pobrecitos de nosotros* 'aumingjarnir okkar', 'við aumingjarnir'). Þetta sýni að segðir eins og *dit fjols* 'fíflíð þitt' og *det fjols til Peter* 'fíflíð hann Peter', séu alveg sambærilegar.

Schwartz og Sandfeld Jensen leituðu báðir út fyrir algengasta hlutverk eignarfalls, þ.e. hið eiginlega eignarfall, *genitivus possessivus*, sem er auðvitað tilraunarinnar virði. Niðurstaðan var eignarfall skilgreiningarinnar, *genitivus definitivus* eða *genitivus appositivus*. En spyrja má hvort þeir hafi kannski leitað langt yfir skammt. Eignarfornöfn hafa almennt það hlutverk að tilgreina einhvers konar eignarsamband.

Schwartz og Sandfeld Jensen bera *din X* saman við mynstur sem þeir telja merkingarlega sambærileg (s.s. *du tok, det fjols til Peter*) og greina þau setningafræðilega; *du* er viðurlag skv. Schwartz, *til Peter* hefur skilgreiningarhlutverk (viðurlagshlutverk) skv. Sandfeld Jensen. Þessi samanburðarmynstur voru ekki til, a.m.k. ekki svo að vitað sé, í norrænu. Það skiptir þó ekki máli, samanburðurinn getur verið forvitnilegur þrátt fyrir það. En úr því að verið er að bera saman við mynstur upprunnin á yngri málstigum má í þessu sambandi allt eins

(*Hrólfs saga kraka* 1960:79). Ég þakka Guðrúnu Þórhallsdóttur fyrir að benda mér á þetta dæmi í Hrólfs sögu.

líta til dæma á borð við *helvítið á þér* og *helvítið á honum*, dæma sem nánar verður rætt um í 5. og 6. kafla. Þar samsvarar á *þér/honum* varla neins konar *genitivus definitivus* eða *appositivus*, þetta minnir a.m.k. mjög sterklega á eignartáknun sem er vel þekkt í íslensku og víðar.

Sandfeld Jensen (1900:22) bendir á að mynstur sambærileg *din X* (eða *X þinn*) séu alls ekki einskorðuð við Norðurlönd þótt annað megi ráða af eldri skrifum. Hið sama megi finna í portúgölsku (t.d. *seu burro* ‘asninn þinn’) og svipað í suður-rúmensku og nýgrísku. Það er því auðvelt að slá út af borðinu landfræðilegu rökin fyrir upprunahugmyndinni (*þú inn* > *þinn*) í orðabók Cleasbys. Það má taka undir með Tegnér og Schwartz að hugmynd Grimms sé nokkuð langsótt. En hugmynd Tegnér er kannski ekki eins langsótt og Schwartz vildi vera láta. Samanburðurinn við hátíðleg ávörp á borð við *yðar hátígn* er allrar athygli verður og engan veginn eins langsóttur og skýring Grimms. Ef eignarforafn í *X þinn* hefur hlutverk *genitivus possessivus* (ekkert mælir á móti slíkri túlkun, sbr. *helvítið á þér*, *helvítið á honum*), og hefur alltaf haft það hlutverk, er skýring Tegnér sennilegust af þeim sem hér hefur verið gerð grein fyrir.

## 5 Sambandið *helvítið á þér*

*Helvítið þitt* virðist nokkuð algengt samband innan mynstursins *X þinn*. Í Íslensku textasafni eru 24 dæmi um það. Til samanburðar er í sama safni aðeins að finna 13 dæmi um *óhræsið þitt*, fimm um *kvikindið þitt*, fjögur um *þrjúturinn þinn*, tvö um *ófétið þitt* og eitt um *hálfvitinn þinn*.

*Helvítið þitt* virðist hafa þá sérstöðu meðal annarra *X þinn* sambanda að eiga nokkurs konar systursamband þar sem eignarsambandið er ekki táknað með eignarforafninu *þinn* heldur forsetningarliðnum á *þér*: *helvítið á þér*. Um þetta samband má finna nokkur dæmi í nútímamáli í nýlegum netskrifum:

- (9) a. Já okey varst þú ??? **Helvítið á þér!** (Athugasemd á samfélagsmiðli 2015)
- b. NÆS! Þú ferð í steininn **helvítið á þér.** (Athugasemd á samfélagsmiðli 2007)

En um þetta eru einnig til eldri dæmi. Í orðabók Sigfúsar Blöndals (1920–1924), undir *helvíti*, er nefnt *helvítið á þér* (þýtt „dit forbandede Skarn“ í orðabókinni) og sýnt dæmi úr sögunni *Mannamun* eftir Jón Mýrdal:

- (10) Þú átt sjálfur í gapastokkinn, asni; eg að fara suður í Reykjavík, og sækja þangað brauð ofan í **helvítið á þér**, og ekkert í staðinn! (Jón Mýrdal 1912:199–200)

Jón Mýrdal var fæddur 1825 og sagan kom fyrst út árið 1872. Það er því ljóst að *helvítið á þér* á sér talsvert langa sögu í málinu. Í *Ritmálssafni Orðabókar Háskólans* (ROH) eru tvö dæmi um sambandið frá fyrri hluta síðustu aldar eða miðbiki hennar:<sup>15</sup>

- (11) a. Það er ekki svo að skilja að ég fyrir mitt leyti hefði ekki gaman af að sjá framan í **helvítið á þér** einu sinni enn. (Magnús Stefánsson (Örn Arnarson) 1972:99)
- b. og í sama bili hóf Jónas tóbaksfjölinna á loft, en hún var þung eikarfjöl, og tvíhenti henni fram í baðstofu-hurðina, um leið og hann segir: „Hafðu þá þetta í **helvítið á þér**.“ (*Gráskinna hin meiri* II 1979:317)

Þessi þrjú eldri dæmi um *helvítið á þér* skera sig frá ungu dæmunum í (9) að einu leyti. Þau yngri eru notuð á sambærilegan hátt og mynstrið *X þinn* í nútímamáli sem hrakyrði í nefnifalli. Eldri dæmin standa hins vegar í aukafalli og minna að því leyti á sum fornálsdæmin um *X þinn* sem rædd voru í 3. kafla, sjá (7). Í öllum eldri dæmunum virðist geta verið um að ræða andlit eða munn þess sem talað er við. Hugsanlega merkir *helvíti* í þessum dæmum einfaldlega ‘munur’ eða ‘andlit’.<sup>16</sup> Ef sú er raunin er ekki um það að ræða að eigandi samsvari eign eins og í samböndum á borð við *helvítið þitt* og ungu dæmunum um *helvítið á þér*, þarna væri merkingin ‘munurinn/andlitið á þér’. En orðið *helvíti* þekkist ekki í neinni líkamshlutamerkingu ef marka má orðabækur. Sigfús Blöndal, sem sýnir dæmið í (10), þýðir *helvítið á þér* ekki á þann hátt heldur eins og sambandið vísi til mannsins alls, „dit forbandede Skarn“. Í (10) er talað um *brauð* sem á að fara ofan í *helvítið á þér*. En þarna vísar *brauð* ekki til brauðmetis heldur prestakalls. Hugsanleg líkamshlutamerking orðsins *helvíti* í (10) er því frekar langsótt nema um sé að ræða e.k. orðaleik. Að *helvíti* vísi til líkamshluta í dæmunum í (10) og (11) er þó möguleiki sem ætti ekki að útiloka.

Forsetningarliðurinn *á* + þgf., þar sem þágufallið vísar til persónu

<sup>15</sup> Höfundur fyrra dæmisins var uppi 1884–1942.

<sup>16</sup> Minna má á að orðið *munur* á sér mörg niðrandi samheiti, svo sem *þverrifa*, *kjaftur*, *túli*, *trantur*, og kannski var *helvíti* einhvern tíma í þeim hópi. *Andlit* á sér einnig ýmis niðrandi samheiti.

eða einhvers sem hefur líkama, er gjarna notaður í eignarsamböndum þar sem um er að ræða svokallaða **órjúfanlega** (eða **óaðskiljanlega**) **eign** (e. *inalienable possession*): *höndin á mér, höfuðið á henni, nefið á honum*.<sup>17</sup> *Helvítið á þér* minnir á slík sambönd því að nafnorðið er ná-tengt eða samtvinnað persónunni sem um ræðir. Hönd, höfuð, nef og aðrar órjúfanlegar eignir eru einhvers konar „eignir“; þessi fyrirbæri tilheyra þeim sem rætt er um, eru hluti af honum og verða ekki auðvelda numdar á brott. Svo er auðvitað ekki í sambandi á borð við *helvítið á þér*, a.m.k. ekki í nútímadæmunum í (9); sá sem orðin beinast að á ekki umrætt helvíti heldur er hann það. En þarna má sjá líkindi við *X þinn*; þrjóturinn í *þrjóturinn þinn* tilheyrir ekki beinlínis þeim sem ávarpaður er heldur er sá þrjótur (eða er talinn vera það). Í báðum tilvikum er um að ræða orðalag sem setningafræðilega er alla jafna notað um eigendur og einhvers konar eignir og í hvorugu tilvikinu er um eiginlega eigendur og eignir að ræða; þeir sem þarna er lýst eru „eignir“.

*Helvítið á þér* virðist ekki vera algengt samband þótt um það hafi fundist nokkur dæmi. *Helvítið þitt* er miklu algengara. Í *Risamálheildinni* (2019) eru engin dæmi um *helvítið á þér* en hins vegar 124 um *helvítið þitt*. Engin dæmi hafa við þessa athugun fundist um önnur skammaryrði en *helvíti* næst á undan forsetningarliðnum *á þér*, þrátt fyrir talsverðar eftirgrennslanir. Það er því líklega hæpið að tala um mynstur, *X á þér*, í þessu samhengi, eins og hægt er að gera í tilviki *X þinn*. Öðru máli gegnir um niðrandi tal í garð þriðju persónu. Ýmis dæmi eru um mynstrið *X á honum/henni* (*helvítið á honum, skömmin á henni*) sem nánar verður litið á í næsta kafla.

„Eignarmynstrin“ *X þinn* og *X á honum/henni* virðast notuð nánast í fulldreifingu með hrakyrðum á undan eignartáknun. Þegar önnur persóna er ávörpuð er nær eingöngu notað *X þinn* (sárasjaldan *X á þér*). En þegar þriðja aðila er hallmælt er *X á honum/henni* einrátt, a.m.k. finnast engin dæmi um mynstrið *X hans/hennar* sem væri setningafræðilega sambærilegt við *X þinn*: *\*helvítið hans, \*skömmin hennar*.<sup>18</sup>

<sup>17</sup> Sambærilegir forsetningarliðir með forsetningunni *í* eru, sem kunnugt er, líka notaðir með órjúfanlegri eign. — Þegar tungumál gera greinarmun á eignartáknun eftir eðli eignar er stundum talað um *split possession* sem kalla mátti **klofna eignartáknun**. Um slík fyrirbæri í Evrópumálum, sjá Stolz o.fl. 2008. Órjúfanlegar eignir eru gjarna líkamshlutar en hugtakið getur átt við fleira, s.s. fjölskyldutengsl. Um órjúfanlega eign í íslensku, sjá Steingrím Þórðarson 1979, Kristínu Bjarnadóttur 1989 og Höskuld Þráinsson 2005:214, 217–218.

<sup>18</sup> Þetta var þó til í eldra máli, sbr. 4. kafla. Þar kom einnig fram að slík dæmi voru til í eldri sænsku, *hans dare*.

## 6 Mynstrið *X á honum/henni*

### 6.1 Inngangur

Eins og nefnt hefur verið eru líkindi með *X þinn* og *X á honum/henni*.<sup>19</sup> En þessi líkindi vekja ýmsar spurningar. Er *X á honum/henni* notað með sama mengi nafnorða og *X þinn* eða er *X á honum/henni* bundið við einhver tiltekin nafnorð? Fyrirfinnst *X á honum/henni* í jákvæðu samhengi eins og þekkt um *X þinn*? Er *X á honum/henni* jafn miðlægt eða þekkt í málinu og *X þinn*? Er eitthvað samsvarandi *X á honum/henni* til í skyldmálunum? Var *X á honum/henni* til í fornu máli eins og *X þinn*? Ef ekki, hvenær kom það upp og hvernig má skýra tilurð þessa mynsturs?

Við sumum þessara spurninga er erfitt eða jafnvel ómögulegt að gefa skýr svör. Því veldur bæði skortur á nægilega miklum og aðgengilegum heimildum (mynstursins er helst að vænta í talmáli, helst óhefluðu, og heimildir um það eru af frekar skornum skammti) og einnig erfiðleikar við að leita í þeim heimildum sem tiltækar eru. Það er t.d. borin von að ætla með hjálp leitarvéla að finna öll þau nafnorð sem notuð hafa verið í mynstrinu *X á honum/henni* (hið sama gildir auðvitað um *X þinn*), formleg einkenni síðari hluta segðarinnar eru svo almenn (forsetning og algengt persónufornafn). Þetta verður aldrei annað en fálm eftir því sem ekki er vitað fyrir fram hvað gæti verið.<sup>20</sup> Áðurnefndar spurningar má þó hafa að leiðarljósi og þótt skýr svör fáist seint má fá einhverja nasasjón af sögu og notkun mynstursins.

### 6.2 Hvaða nafnorð taka þátt í mynstrinu *X á honum/henni*?

Ef flett er upp í *Íslensku orðaneti* Jóns Hilmars Jónssonar að orðinu *helvíti* kemur upp sambandið *helvítið á honum/henni*. Ef síðan er valinn flipinn „setningargerð“, sem í þessu tilviki er skilgreind sem „nafnorð í nefnifalli með greini – forsetning – persónuvísandi fornafn í þágufalli“, koma engin sambærileg sambönd upp.

Í *Risamálheildinni* (2019) er hægt að leita að nafnorði í nefnifalli með greini, forsetningunni *á* og síðan þágufallsmyndunum *honum*

<sup>19</sup> Rétt eins og *X þinn* er *X á honum/henni* til í fleirtölu, s.s. *helvítin á þeim* (stundum ritað *áðeim*), *skammirnar á þeim*. Slík dæmi eru þó hlutfallslega sjaldgæf og hér verður áfram talað um mynstrið *X á honum/henni*.

<sup>20</sup> Sbr. t.d. Katrínu Axelsdóttur 2019:306–308 um vanda við að leita að orðasamböndum af tiltekinni setningargerð.



og *henni*. Við slíka leit koma upp hátt í fimm þúsund dæmi. Fæstar niðurstöðurnar koma mynstrinu *X á honum/henni* við en þessi leit skilaði samt nokkrum dæmum um það sem hér er til athugunar og augljóst að mynstrið er ekki bundið við nafnorðið *helvíti*:<sup>21</sup>

(12)	helvítið á honum/henni	12 dæmi
	melurinn á honum/henni	2 dæmi
	skömmin á honum/henni	1 dæmi
	merkikertið á honum/henni	1 dæmi

*Helvítið á honum/henni* er þarna langalgengast sem kemur vel heim við að það var eina sambandið sem fannst í *Íslensku orðaneti*. Í (13) má sjá eitt dæmi um hvert samband í samhengi:

- (13) a. Pirrandi að sjá að Rúrik Gísla spilar á gítar og syngur vel, eins og hann sé ekki nógu myndarlegur **helvítið á honum** (fótbolti.net 2016)
- b. Skemmst er að minnast Halldós [svo] Laxness, sem þótti gott að skrifa standandi við púltið sitt, en nýrra og frægara dæmi er Donald Rumsfeld, **melurinn á honum**, sem varð allfrægur fyrir vinnubrögðin þegar hann starfaði í ríkisstjórn Bush yngri. (Er tími til kominn ... 2010)
- c. Sá heitir Pétur og **skömmin á honum** er falslaus sem dúfa en kænn sem höggormur! (Malín Brand 2012)
- d. Kellingar gaukuðu að honum kókubita og vildu fá hann inn í kakósopa, en hann bara vatt uppá sig. **Merkikertið á honum!** (Einar Káráson 1989:75)

Fleiri nafnorð eru þó notuð, eða hafa verið notuð, með *á honum/henni* en finna má í því efni sem liggur til grundvallar *Íslensku orðaneti* og *Risamálheildinni*. Netleit að nokkrum skammaryrðum, völdum af handahófi, á undan *á honum/henni* skilaði ýmsum samböndum til viðbótar. Hér má sjá nokkur slík dæmi, sýnd í samhengi:

- (14) a. Hann er hreint ekki góður núna, **skrattinn á honum**.  
(Guðmundur Gíslason Hagalín 1938:219)

<sup>21</sup> Meirihluti dæma eru liðir með líkamshlutum (t.d. *nefið á honum, hendurnar á henni*), talsvert um annars konar nafnorð og ekki eða varla um að ræða eign af nokkru tagi (t.d. *salan á henni, verðmiðinn á honum, ástandið á henni, morðið á honum*) og slangur af dæmum þar sem málfræðileg greining orðanna er ekki sú sem beðið var um (t.d. *brotið [var] á honum, skákhreyfingin á honum miklar þakkir að gjalda, stórséð á henni*).

- b. Einhversstaðar hefur **skrattinn á honum** gullnámuna sína. (Halldór Kiljan Laxness 1968:59)
- c. Nonni er í Alsír, **beinið á honum**. Ég ætti eiginlega að stinga af til útlanda, ein, þegar hann kemur aftur. (Blogg 2006)
- d. en elsta dóttir mín lögfræðingurinn, slær sér nú upp á MÍNUM ómegasýrum. **Beinið á henni**. Geri hana arflausa. (Athugasemd við blogg 2007)
- e. ætli óléttakonan heimti svo ekki bernes. **Ófėtið á henni**. (Athugasemd á samfélagsmiðli 2012)
- f. Maður komst jafnvel varla á klósettið fyrir henni Sigurbjörgu, enda þótt manni dauðlægi á. Það var alveg eins og hún lyktaði það, **ófėtið á henni**, hvenær sem ég þurfti að fara þangað, og flýtti sér þá sjálf, þó hún þyrfti þess alls ekki. (Ingimundur 1943:225)
- g. Draslaraskúffan var upprætt með látum. Hún barðist hetjulega – hún má eiga það **kvikindið á henni**. (Blogg 2009)
- h. mig grunar líka að hann hafi þvegið fötin mín **drjólinn á honum** og það gerir álagið enn meira. (Athugasemd á samfélagsmiðli 2008)

En leit með fjölmörgum öðrum skammaryrðum, sumum harla algengum, skilaði engum niðurstöðum. Það fundust t.d. engin dæmi um *á honum* eða *á henni* í kjölfar *bjáninn*, *djöfullinn*, *drullusokkurinn*, *durturinn*, *fábjáninn*, *fávítinn*, *gerpið*, *hálfóitinn*, *lúsablesinn*, *montrassinn*, *ódámurinn*, *óhræsið*, *ópökkinn*, *rottan*, *skítseiðið*, *skrattakollurinn* eða *þrjóturinn*. Nú er ekki útilokað að eitthvað af þessu sé til, eða hafi verið það; þetta hafi einfaldlega ekki ratað í tiltækar heimildir. En það er nokkuð ljóst að *X þinn* er miklu virkara mynstur, þar virðist hægt að nota nánast hvaða skammaryrði sem er.

Engin dæmi hafa fundist um *X á honum/henni* þar sem nafnorðið er jákvætt, *\*snillingurinn á honum/henni*; engin slík voru sjáanleg í dæmalista *Risamálheildarinnar* (2019) og netleit með ýmsum hrósrýrðum skilaði engu. Það er því ljóst að *X á honum/henni* hefur mun þrengra notkunar svið en *X þinn*, fyrra mynstrið virðist ekki koma fyrir í jákvæðu samhengi og í neikvæðu samhengi er mengi skammaryrða þar miklu minna en í *X þinn*. Nafnorðin sem hafa fundist við þessa athugun á undan *á honum/henni* eru ekki nema níu talsins: *beinið*, *drjólinn*, *helvítið*, *kvikindið*, *melurinn*, *merkikertið*, *ófėtið*, *skrattinn* og *skömmin*.

Það þarf kannski ekki að koma á óvart að mynstrið *X á honum/henni* sé ekki sérlega virkt eða frjótt. Ýmsar aðrar leiðir má fara við að hallmæla þriðja aðila (þótt vissulega sé illmögulegt eða útilokað að segja t.d. \**ófétið hans*, \**skömmin hennar*) og sumar af þeim leiðum eru væntanlega rótgrónari í málinu. Hér er oft notað miðstigið af mikill: (*hann er nú*) *meira ófétið*, (*hún er nú*) *meiri hálfvitinn*. Þá er *helvítis* eða annað blótsyrði oft sett á undan nafnorði með greini: *helvítis beinið*, *djöfuls(ins) asninn*. Einnig er algengt að nota *hvílikur*, *þvílikur* og *óttalegur* (og ýmis önnur merkingarskyld lýsingarorð) á undan nafnorðinu sem er þá greinislaust (*hvílikt óféti*, *þvílikur hálfviti*, *óttalegt kvikindi*). Enn ein leiðin er að hafa *en sá* á undan nafnorðinu: *en sá þrjótur*, *en það óféti* og svo er hægt að bæta *sá arna* (eða *atarna*) aftan við nafnorðið: *skömmin sú arna*, *helvítið atarna*. Sumir þessara kosta eru einnig, og ekki síður, notaðir um annað en fólk: (*þetta er nú*) *meiri vitleysan*, *hvílik vitleysa*, *en sú vitleysa*. Þetta kann að valda því að umrædd mynstur eru algengari en önnur og af þeim sökum opnari.<sup>22</sup> Þessi fjöldi leiða við að hallmæla þriðja aðila gæti varpað ljósi á litla virkni mynstursins *X á honum/henni*. En hér má ekki gleyma að sumar leiðirnar má einnig fara þegar fólk er ávarpað: (*þú ert nú*) *meiri hálfvitinn*, *hvílikur hálfviti* (*sem þú ert*).<sup>23</sup> Þrátt fyrir það er *X þinn* afar virkt mynstur.

Hér hefur verið talað um ýmsar leiðir við að hallmæla fólki. En rétt er að taka fram að leiðirnar eru ekki alltaf jafnfærar. Orðið *helvíti* sem skammaryrði um mann er hægt að nota í *helvítið þitt*, *helvítið á þér*, *helvítið á honum/henni* og *helvítið atarna*. En um mann væri varla sagt *?hvílikt helvíti*, *?meira helvítið* eða *?en það helvíti*. Í slíku samhengi myndi *helvíti* væntanlega frekar vera skilið sem slæmur staður eða ástand. Það þarf því e.t.v. ekki að koma á óvart að *helvítið á honum/henni* sé algengast sambandanna sem fundust um *X á honum/henni*. En það gæti auðvitað líka stafað af því að *helvíti* sé einfaldlega tiltölulega algengt skammaryrði almennt.

### 6.3 Hversu þekkt eru samböndin?

Sum sambandanna níu sem dæmi fundust um innan mynstursins *X*

<sup>22</sup> Við margt af þessu er gjarna bætt *endemis* eða einhverju öðru blótsyrði: (*hann er nú*) *meiri endemis þrjóturinn*, (*hún er nú*) *meiri helvítis hálfvitinn*, *hvílik andskotans vitleysa*, *en sá djöfulsins þrjótur*.

<sup>23</sup> Hugsanlega er orðalagið *en sá X* einnig notað í ávörpum en það er þó mun kunnuglegra í umræðu um þriðja aðila.

á honum/henni virðast vera mjög sjaldgæf. Til að kanna hvað af þessu væri yfirleitt þekkt voru 15 fullorðnir einstaklingar spurðir hvort þeir þekktu þessi sambönd eða notuðu þau. Fólkið er fætt á bilinu 1947 til 1981.

Allir þekktu vel *helvítið á honum/henni*. Tveir þekktu aðeins það samband og fjórir aðrir aðeins *helvítið á honum/henni* og *skömmin á honum/henni* vel. Þessi tvö skera sig þannig nokkuð úr hópnum. Enginn þekkti *merkikertið á honum/henni* og var þetta eina sambandið sem öllum virtist framandi. Margir í hópi aðspurðra voru á báðum áttum varðandi afganginn af samböndunum, þeim fannst þau kunnugleg, eða a.m.k. ekki ókunnugleg, en þeir töldu sig ekki nota þau. Þennan hóp sambanda skipa *beinið, drjólinn, kvikindið, melurinn, ófétið* og *skrattinn á honum/henni*. Hvert og eitt þessara sex sambanda var þó vel þekkt af a.m.k. einum heimildarmanni.

Samböndin virðast samkvæmt þessu vera mjög misjafnlega þekkt. *Helvítið á honum/henni* hefur sérstöðu og yfirburðirnir hér koma vel heim við leitina í *Risamálheildinni* (2019), sjá (12).

## 6.4 Aldur og uppruni

Heimildarmennirnir um Norðurlandamál sem getið var í 2. kafla kannast ekki við neitt sem minnir á *X á ÞGF* í sínum málum og ekkert svipað virðist vera í orðabókum. Það má því búast við að þetta sé nýjung í íslensku. En hversu gömul er nýjungin? Í fornrítahluta *Risamálheildarinnar* (2019) má leita í nokkrum fornritum og fornritaflokkum (Íslendingasögum og -þáttum, Heimskringlu, Sturlungu og Landnámu). Engin dæmi fundust um *X á honum/henni* eða *X á þér* í því samhengi sem hér er til umfjöllunar, niðrandi tal þar sem eigandinn samsvarar eigninni. Hugsanlega var orðalagið til en rataði ekki í þessi rit. En minna má á að dæmi um *X þinn* eru auðfundin í fornu máli.

Elsta dæmi sem fannst við þessa athugun á *X á honum/henni* er í sögunni *Sturla í Vogum* eftir Guðmund G. Hagalín frá 1938, *skrattinn á honum*, sjá (14a). Annað nokkuð gamalt, einnig í sögu eftir Guðmund, er þetta:

- (15) Fjandi var hann grimmdarlegur, þessi stóri hundur, sem kom þarna á móti mér! Ætlaði hann að bíta, **skömmin á honum?** (Guðmundur Gíslason Hagalín 1942:76)

Elsta dæmið um *helvítið á þér* er eldra en þetta, eða frá 19. öld (sjá 5.

kafla). Hugsanlega er *X á ÞGF* tiltölulega ungt fyrirbæri. En það gæti vitaskuld verið miklu eldra. Að því er ekki auðvelt að komast, skilyrði til rafrænnar leitar eru heldur víð og samhengið sem um ræðir er kannski ekki ýkja líklegt til að rata á bækur.

Í 5. kafla var bent á ákveðin líkindi við órjúfanlega eign, orðskipanin (nafnorð á undan forsetningarlið sem eignartáknun) er sú sama í báðum tilvikum og þarna er líka um að ræða eitthvað sem er samgróíð fólki ef svo má segja (líkamshlutar og innræti). Það er því ekki mjög langsótt að gera ráð fyrir áhrifum frá orðalagi á borð við *höndin á mér*. Ef slíkt orðalag er á einhvern hátt fyrirmynd að *X á ÞGF* mætti hugsa sér að hægt væri að þrengja tímarammann eitthvað. En táknun órjúfanlegrar eignar með forsetningarlið á sér langa sögu í málinu, ýmis dæmi eru um þessa táknun í fornu máli og samsvarandi táknun er til í öðrum Norðurlandamálum. Í fornu máli og raunar allt fram á 18. öld virðist þó annars konar táknun órjúfanlegrar eignar (s.s. *hönd mín*) hafa verið ríkjandi (sjá Steingrím Þórðarson 1979:28–29). Það er því ekki fyrr en frekar nýlega í málsöggunni að sambönd á borð við *höndin á mér* ná yfirburðastöðu.<sup>24</sup> Algengt orðalag er auðvitað líklegra til að hafa áhrif á aðra þætti í málinu. 19. öld er því kannski ekki svo ósennilegur upphafstími *X á ÞGF* þótt auðvitað verði ekkert um það fullyrt.

Eins og nefnt var í 5. kafla er hugsanlegt að í elstu dæmum um *helvítið á þér* vísi *helvíti* til líkamshluta, munns eða andlits, og þá væru þessi dæmi ekki sambærileg þeim samböndum sem hér er fjallað um þar sem eigandi samsvarar eign. Ef þetta er raunin má hugsa sér að orðalagið *helvítið á þér* ('munnurinn/andlitið á þér') sé kveikjan að mynstrinu *X á honum/henni*. Orðið *helvíti* hefur ýmsar merkingar og er algengt sem skammaryrði um mann. Segðina *helvítið á þér* ('munnurinn/andlitið á þér') hefur auðveldlega mátt túlka þannig að *helvíti* vísaði til manns og þar með er komið upp mynstur sem önnur skammaryrði um fólk gátu gengið inn í. Þetta verður þó aðallega virkt í þriðju persónu enda gamalkunnug sambönd á fleti fyrir í annarri persónu (*helvítið þitt, þrjóturinn þinn*).

## 6.5 Til hvers er vísað?

Flest dæmi sem fundist hafa um *X á honum/henni* vísa til fólks, rétt

<sup>24</sup> Á síðustu árum má raunar greina dálítinn viðsnúning, æ oftar heyrast orðalag á borð við *hárið mitt, húðin mín, brjóstin mín* sem er í ætt við hið almenna orðalag forn máls en nafnorðið er þó með viðskeyttum greini.

eins og *X þinn*. En stundum er vísað til annars en fólks. Um það mátti sjá dæmi hér að framan, í (14a) og (15) var vísað til hunda sem líklegir voru til að bíta og í (14g) var vísað til skúffu. Hér má sjá nokkur slík dæmi til viðbótar en þarna er vísað til hátíðisdags, rigningar og stýrisstangar í bíl.

- (16) a. Valentínusardagurinn passar álíka vel í íslenska menningu og jólahald í japanska. Ennfremur er **beinið á honum** alls óþarft því að einhverju grundvallaratriðum er konudagurinn ígildi valentínusardagsins. (Blogg 2001)
- b. Furðulegt regn hér á Íslandi. Leitast við að hitta ákkúrat inn í eyrun, augun... beinir stórum dropunum beint ofan á hvirfilinn. **Ofétið á henni**. (Blogg 2010)
- c. Þegar í ljós kom að stýrisstöngin, **skömmin á henni**, var fjórðungi úr tommu lengri en gert hafði verið ráð fyrir. (Malín Brand 2021)

Í sumum dæmunum þar sem vísað er til annars en fólks er umrætt fyrirbæri greinilega persónugert, skúffan í (14g) barðist hetjulega, regnið/rigningin í (16b) leitast við að angra þann sem talar og í umræðu um messudag dýrlings í (16a) er dýrlingurinn sjálfur eðlilega nálægur. Það þarf heldur ekki að koma á óvart að sjá hér hluta bíls, (16c). Bílar og önnur slík tæki eru þarfir þjónar og dæmi eru um að orðasambönd sem alla jafna eru notuð um fólk séu notuð um tæki (sjá Katrínu Axelsdóttur 2019:316–317).

## 7 Niðurlag

Hér hefur verið fjallað um tvö eignarmynstur í íslensku, *X þinn* (s.s. *helvítið þitt*, *skömmin þín*) og *X á honum/henni* (s.s. *helvítið á honum*, *skömmin á henni*) og þau borin saman eftir föngum. Þau eiga það sameiginlegt að eigandinn í segðinni samsvarar eigninni, ólíkt öðrum segðum með eignartáknun. Þótt líkindi séu með þessum mynstrum kom við samanburð í ljós að margt er ólíkt með þeim.

Í 2. kafla var litið á nútímamál, samhengið sem *X þinn* er notað í þar og einnig var litið til skyldmála. Í nútímanum er *X þinn* geysilega virkt mynstur og inn í það virðist mega setja nánast hvaða hnjóðsyrði sem er. Í lýsingum á notkun *X þinn* er aðeins talað um skammir eða aðfinnslur og mynstrið er vafalaust langalgengast í slíku samhengi, með skammaryrðum. En í nútímamáli má finna fjölmörg dæmi um

jákvætt samhengi, jafnvel hástemmt lof (*snillingurinn þinn, límhéilinn þinn*). Sambærileg mynstur (*din X, tín X*) eru til í dönsku, norsku, sænsku og færeysku. Þau koma eins og í íslensku helst fyrir með skammaryrðum. Jákvætt samhengi þekkist líka. En það virðist sjaldgæft og dæmi um mynstrið í hrósi eru vandfundin í þessum málum.

Í 3. kafla var litið til fyrri skrifa um forn-mál og forn-málsnotkunin borin saman við nútímamál. Notkun mynstursins var í fornu máli miklu fjölskrúðugri en nú, nafnorðið gat verið greinislaust (*mannfýla þín*), eignarfornafnið gat komið á undan nafnorðinu (*þinn heljarkarl*), mynstrið mátti nota með sögn í þriðju persónu, líkt og væri verið að tala um þriðja aðila (*hvað mun þjófur þinn vita til þess* = 'hvað munt þú, þjófurinn þinn, vita til þess') og jafnvel í aukafalli (*er eg sé þig, frændaskömm þína*). Í fornu máli hafa ekki fundist dæmi um annað en neikvætt samhengi.

Sagt var frá nokkrum ólíkum hugmyndum um uppruna *X þinn* í 4. kafla. Sú sem hér var helst hallast að snýst um að *X þinn* megi bera saman við virðingarávörp á borð við *yðar hátign*; nafnorðið í *X þinn* (sem í upphafi hafi alltaf verið óhlutstætt nafnorð) hafi ekki vísað til persónunnar sjálfar heldur einhvers konar eiginleika hennar, rétt eins og nafnorð í virðingarávörpum. Síðar hafi hlutstæð orð bæst í hóp þeirra neikvæðu orða sem gátu komið fyrir í mynstrinu.

Í 5. kafla var litið á sambandið *helvítið á þér* sem dæmi eru um allt frá 19. öld. Merkingarlega er þetta sambærilegt við *helvítið þitt*, a.m.k. í nútímanum, en eignartáknunin er önnur, sú sama og einna helst má sjá með svokallaðri órjúfanlegri eign (*höndin á þér*). *Helvítið á þér* er miklu sjaldgæfara en *helvítið þitt*. Í þriðju persónu er hægt að nota samsvarandi formgerð, á með þágufalli, *helvítið á honum/henni*, og inn í það mynstur, *X á honum/henni*, geta ýmis önnur orð en *helvíti* gengið (*helvítið á þér* er eini fulltrúi *X á þér* sem fannst við þessa athugun). Mynstur sem er setningafræðilega sambærilegt við *X þinn*, *\*helvítið hans*, *\*skömmin hennar*, virðist hins vegar ekki vera til í þriðju persónu í nútímamáli og fátt virðist um slíkt í eldra máli þótt finna megi dæmi.

Fjallað var nánar um mynstrið *X á honum/henni* í 6. kafla, með hliðsjón af *X þinn* og *helvítið á þér* (*X á þér*). Mynstrið er merkingarlega sambærilegt *X þinn* en ekki nærri því eins virkt; ekki fundust nema níu nafnorð sem koma fyrir innan þess, allt skammaryrði. Flest samböndin eru frekar lítið þekkt. Mynstur sem samsvara *X á honum/henni* (eða *X á þér*) þekkjast ekki í grannmálunum og engin dæmi hafa fundist um mynstrið í fornu máli. Ekki er ólíklegt að mynstrið *X á honum/henni* (og *helvítið á þér*) hafi orðið til þegar sambærileg táknun

órjúfanlegrar eignar (*höndin á honum/henni*) var orðin algeng í málinu, þ.e. á 19. öld, en um það er þó ekkert hægt að fullyrða.

## Heimildir

- Aasen, Ivar. 1864. *Norsk Grammatik*. Christiania: Malling.
- Ahern, Cecelia. 2020. *PS: Jeg elsker dig for evigt*. Ninna Brenøe (þýð.). København: People's Press.
- Anna Elísa. 1996. Biblíuspæjararnir. *Barnablaðið* 59 (2):10.
- Bokmálsorðboka*. Sprákráðet og Universitetet i Bergen. <https://ordbokene.no> (sótt í ágúst 2022).
- Cleasby, Richard og Guðbrandur Vigfússon [Gudbrand Vigfusson]. 1874. *An Icelandic-English Dictionary*. Oxford: At the Clarendon Press.
- Den Danske Ordbog*. København: Det Danske Sprog- og Litteraturselskab. <https://ordnet.dk/ddo> (sótt í ágúst 2022).
- Einar Kárason. 1989. *Þar sem djöflaeyjan rís*. Reykjavík: Mál og menning.
- Eiríkur Jónsson [Erik Jonsson]. 1863. *Oldnordisk Ordbog*. København: Det kongelige nordiske oldskrift-selskab.
- Er tími til kominn að standa upp? *Morgunblaðið*. 2010. 18. september, B-blað, bls. 5.
- Fritzner, Johan. 1886–1896. *Ordbog over Det gamle norske Sprog I–III*. Kristiania. *Føroysk-føroysk orðabók*. Jóhan Hendrik W. Poulsen, Marjun Simonsen, Jógvan í Lon Jacobsen, Anfinnur Johansen og Zakaris Svabo Hansen (ritstj.). <https://sprotin.fo> (sótt í desember 2022).
- Gráskinna hin meiri II*. 1979. Reykjavík: Þjóðsaga.
- Grimm, Jacob. 1866. *Kleinere Schriften III*. Berlin: Ferd. Dümmers Verlagsbuchhandlung, Harrwitz und Gossmann.
- Guðmundur Gíslason Hagalín. 1938. *Sturla í Vogum I*. Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson.
- Guðmundur Gíslason Hagalín. 1942. Sagan af Sanda-Gerði. *Helgafell* 1 (2):6–87.
- Halldór Kiljan Laxness. 1968. *Kristnihald undir Jökli*. Reykjavík: Helgafell.
- Hrólfs saga kraka*. 1960. Editiones Arnarnæ B 1. Útg. D. Slay. Copenhagen: Ejnar Munksgaard.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar. Íslensk tunga III*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Ingimundur. 1943. Í nýja húsinu. Leikþáttur. *Spegillinn* 22. –23:225–229.
- Íslensk orðabók*. 2002. (3. útg. aukin og endurbætt.) Mörður Árnason (ritstj.). Reykjavík: Edda.
- Íslenskt orðanet*. Jón Hilmar Jónsson (ritstj.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <https://ordanet.arnastofnun.is> (sótt í júlí 2022).
- Íslenskt textasafn*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <https://corpus.arnastofnun.is> (sótt í ágúst 2022).



- Katrín Axelsdóttir. 2019. Kettir og menn. *Skírnir* 193 (2):305–348.
- Kjeldsen, Alex Speed. 2022. Jærra saktermænskens skála. *Bornholms Tidende*, 28. september, bls. 39.
- Kristín Bjarnadóttir. 1989. *Dativus sympatheticus*. Námsritgerð við Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Magnús Stefánsson (Örn Arnarson). 1972. *Bréf til tveggja vina*. Reykjavík: Mál og menning.
- Malín Brand. 2013. Að vera barn á hátíð barnanna. *Morgunblaðið*, 17. desember, bls. 50.
- Malín Brand. 2021. Mustang uppi á Empire State. *Bílablogg.is*. <https://bilablogg.is/frettir/mustang-uppi-a-empire-state> (sótt í ágúst 2022).
- Nynorskordboka*. Sprákrádet og Universitetet i Bergen. <https://ordbokene.no> (sótt í ágúst 2022).
- ONP = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. <https://onp.ku.dk> (sótt í ágúst 2022).
- Risamálheildin*. 2019. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <https://malheildir.arnastofnun.is> (sótt í ágúst 2022).
- ROH = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. <https://ritmalssafn.arnastofnun.is> (sótt í ágúst 2022).
- Sandfeld Jensen, Kr. 1900. Bemærkninger om definitiv genitiv i dansk. *Dania* 7:20–26.
- Schwartz, Eugène. 1899. Om anvendningen af possessivt pronomen i *din stackare* och likartade uttryck. *Arkiv för nordisk filologi* 15:182–192.
- Sigfús Blöndal. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. *Íslensk-dansk ordbog*. Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg.
- Stefán Einarsson. 1949. *Icelandic*. Baltimore: The Johns Hopkins Press.
- Steingrímur Þórðarson. 1979. *Um órjúfanlega eign*. „Með tappa í heilanum á mér“, og skyldar formgerðir í íslensku. Óbirt BA-ritgerð við Háskóla Íslands. Reykjavík.
- Stjörnuspa. 2018–2019. *Viljinn*. [Tímarit nemenda Verzlunarskóla Íslands.] 1:22–23.
- Stolz, Thomas, Sonja Kettler, Cornelia Stroh og Aina Urdze. 2008. *Split Possession. An areal-linguistic study of the alienability correlation and related phenomena in the languages of Europe*. Amsterdam: John Benjamins.
- Svensk ordbok*. 2021. 2. útgáfa. Svenska Akademien. <https://svenska.se> (sótt í ágúst 2022).
- Taylor, John R. 2012. *The Mental Corpus. How Language is Represented in the Mind*. Oxford: Oxford University Press.
- Tegnér, Esaias. 1886. *Om genus i svenskan*. Stockholm: Kungl. boktryckeriet.

## Lykilorð

orðasambönd, mynstur, skammaryrði, virkni, órjúfanleg eign

## Keywords

idioms, constructions, abuse, productivity, inalienable possession

## Abstract

This article examines two Icelandic possessive constructions in which the „possessor“ corresponds to the „property“, thereby differing from other possessive expressions:

- a) *X þinn* (lit. ‘your X’), as in e.g.
  - *helvítið þitt* ‘you bastard’ (lit. ‘your bastard’)
  - *þrjóturinn þinn* ‘you rascal’ (lit. ‘your rascal’)
- b) *X á honum/henni* (lit. ‘X on him/her’), as in e.g.
  - *helvítið á honum* ‘(he), the bastard’ (lit. ‘the bastard on him’)

The latter construction corresponds to a syntax closely connected to inalienable possession, e.g. in *hárið á honum* ‘his hair’, lit. ‘the hair on him’.

Despite similarities between them, the two constructions differ in many respects. *X þinn* has a long history, as attested to by various examples in Old Icelandic, which shows greater syntactic variation than the modern language. This construction is extremely productive and is mainly used with nouns of abuse where any epithet seems to be valid. In Modern Icelandic, however, it is often used in positive contexts, even those containing high praise. *X þinn* has counterparts in other Scandinavian languages where these constructions are also occasionally used in positive contexts. However, this is much less common than in Icelandic. *X á honum/henni* seems to have a relatively short history and similar constructions are unknown in related languages. By the same token, this construction is much less productive than *X þinn*. Additionally, it only occurs in negative contexts and the epithets associated with it are fewer than ten. Few of these expressions are well known.

*Katrín Axelsdóttir*  
 Íslensku- og menningardeild  
 Háskóla Íslands  
 Nýja-Garði við Sæmundargötu  
 IS-101 Reykjavík, ÍSLAND  
 katar@hi.is